



Fréttabréf Árskógar skóla

7. tölublað, 2. árgangur, mars 2013 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Símanúmer skólans

Aðalnúmer: 460-4970

Skólastjóri: 460-4971

Kötlukot: 460-4973

Félagsheimili: 460-4979

Gjöf frá Hvöt

Kvenfélagið Hvöt á Árskógsströnd gaf skólanum málörvunarefni svokallaðar R&S öskjur ásamt fleiru. Við þökkum kærlega fyrir.

Uppbygging

Öll höfum við þörf til þess að **tilheyra**. Hjartað er m.a. merki um ást, nánd og traust.



Stjórnendur skólans

Ef spurningar vakna þá endilega hafðu samband í síma 460-4970 eða sendu póst.

Gunnþór Eyfjörð skólastjóri
gunnthore@dalvikurbyggd.is

Hjördís Jóna deildarstjóri
jona@dalvikurbyggd.is

Til þjónustu reiðubúin!

Kæra skólasamfélag

Upp er runninn marsmánuður og sem aldrei fyrr verður líf og fjör, leikur, nám og sköpun í hávegum haft í skólanum. Við ætlum að halda **árshátíð** skólans föstudaginn 15. mars kl. 17[°] í félagsheimilinu. Leik- og grunnskólastig eru nú á fullu að undirbúa þær uppákomur sem verða, leikrit, dans og gamanmál! Við leggjum áherslu á að allir hafi hlutverk í því ferli sem undirbúningur fyrir árshátíð er. Vorið minnti á sig og margir urðu verulega skítugir í skemmtilegum leik en nú höfum við fengið slöngu úti og getum skolað föt og dregið úr leirbaðinu innandyra. Svo er lóðin næsta mál á dagskrá og markmiðið er að í sumar verði komið afgirt öruggt svæði sunnan við hús, við þökkum ykkur kærur foreldrar fyrir samvinnu og tillitssemi vegna þessara mála, öryggi barna er í fyrsta sæti í Árskógar skóla. Sjáumst á árshátíð!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Til foreldra barna fædd árið 2007

Þá styttist í það að börnin ykkar færast milli skólastiga. Foreldrar hafa fengið bréf um innritun í grunnskóla fyrir 1. apríl.

Foreldrar barna sem eiga að hætta fyrir sumarfrí (um miðjan júlí) á leikskólastigi verða að segja upp plássinu sínu með mánaðar fyrirvara. Ef það er ekki gert er reiknað með að börnin hætti um sumarfrí.

Skíðaferð og vetrarhátíð

Fimmtudaginn 7. mars verður haldin **vetrarhátíð á Kötlukoti**. Þá verður boðið uppá fjölbreytt útiverkefni. Við ætlum að renna okkur, búa til hús, mála og fleira skemmtilegt.

Sama dag fer **grunnskólastig í skíðaferð** í Böggvisstaðafjall. Börnin mæta samkvæmt stundaskrá og taka búnað með sér í rútuna. Svo skundum við á skíði frá 10-1330 og skóladegi lýkur kl. 14[°] Ferðin er greidd af skóla og búnaður fyrir þau sem vantar er í boði í fjallinu. Nestið verður snætt í skóla áður en við förum. Þau börn sem eru í mataráskrift fá mat í fjallið en aðrir koma með sitt sem fyrr.



Upplestrarhátíð

Fimmtudaginn 21. febrúar var haldin upplestrarhátíð 7. bekkjar þar sem fulltrúi skólans í Stóru upplestrarkeppnina 5. mars var valinn. Allir fimm nemendur 7. bekkjar komu fram, lásu ljóð og sögubrot, sjálfum sér og móðurmálinu til sóma enda hefur Helga Ester umsjónarkennari leiðbeint þeim og hvatt áfram. Dómnefnd skipuð Gerði Olofsson kennara í Árskógi, Arnari Símonarsyni kennara í Dalvíkurskóla og Einari Pálssyni fulltrúa foreldra, valdi Amöndu Guðrúnu sem okkar fulltrúa og Dagnýju til vara. Til hamingju öll; Ívar, Amanda, Dagný, Jón og Anton.



Skipulag leiksvæðis-fundur

Senn kemur sumar og sól og markmiðið er að þá verði tilbúið afgirt og öruggt leiksvæði sunnan skólans. Til að svæðið verði sem best heppnað langar okkur að fá ykkar hugmyndir (foreldra barna beggja skólastiga) og boðum til **foreldrafundar þriðjudaginn 19. mars kl. 17⁰⁰ í Árskógar skóla**

Leikskólagjöld

Takk fyrir góð viðbrögð og ábendingar með að fylgjast með leikskólagjöldunum. Okkur langar til að benda ykkur á að þar sem reikningarnir eru ekki sendir heim, nema ef sérstaklega er óskað eftir því, að hægt er að skoða þá inni á heimasíðu Dalvíkurbyggðar, <http://www.dalvikurbyggd.is/> undir tengli sem heitir **Mín Dalvíkurbyggð**,

<https://www.island.is/audkenning/?id=dalvik.is>

Betur sjá augu en auga!



Lokanir í mars

Föstudaginn **1. mars** er **skipulagsdagur** og námskeið. Þennan dag eru **grunn-skólabörn í frii og Kötlukot lokar 12:15** eftir hádegismat, vinsamlegast virðið þann tíma. Sjá frekar um lokanir á viðburðadagatali.



Nýjar myndir á heimasíðu undir myndasafn (lykilorðið er bíll)!

Viðburðadagatal mars 2013

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

				<p>I Skipulagsdagur Kötlukot lokar 12:15 Grunnskólastig frí</p> 	2	3
4	<p>5 Stóra up- plestrarkeppnin</p> 	6	<p>7 Vetrarhátíð Kötlukots</p> <p>Skíðaferð grunnskólastigs</p> 	8	9	10
<p>11 Frjálst nesti grunnskólastig</p> 	12	13	14	<p>15</p> 	16	17
18	<p>19 Fundur um skipulag lóðar í skólanum kl. 17⁰⁰ Allir velkomnir</p>	20	<p>21 Hugrún Jana 6 ára</p> 	<p>22 Náttfatadagur</p> 	23	24
<p>25 Páskafri grunn- skólastigs</p>	<p>26 Páskafri grunn- skólastigs</p>	<p>27 Páskafri grunnskólastigs Sigurbjörn Kristján 6 ára</p> 	<p>28 Skírdagur Lokað</p>	<p>29 Föstudagurinn langi Lokað</p>	30	<p>31 Páskadagur</p>